

## **Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa**

Úrskurður uppkveðinn 1. desember 2022 í máli nr. 60/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

### **I**

#### **Aðild og kröfugerð**

Þann 27. júlí 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum 82.800 krónur auk endurgreiðslu málsskotsgjalds til kærunefndarinnar.

### **II**

#### **Málsmeðferð hjá kærunefndinni**

Með tölvubrési, dags. 24. ágúst 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbrési dags. 12. október 2022 sem móttækið var sama dag. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar, reikningur og kvittun vegna þöntunar og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með brési, dags. 22. nóvember 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### **III**

#### **Málsatvik og ágreiningsefni**

Í gögnum máls kemur fram að þann 3. mars 2022 pantaði sóknaraðili „[...]“ í vefverslun varnaraðila og greiddi 82.800 krónur fyrir. Um var að ræða leigu á svokölluðu myndaboxi auk útprentaðra ljósmynda og gestabókar vegna fyrirhugaðs viðburðar á vegum sóknaraðila þann 16. júlí 2022. Þann 1. maí 2022 afbókaði sóknaraðili þjónustu varnaraðila og óskaði eftir endurgreiðslu. Kveðst sóknaraðili margítrekað beiðni sína um endurgreiðslu en án árangurs. Þá vísar sóknaraðili til þess að hafa ákveðið að bíða og sjá hvort varnaraðili myndi efna samning aðila þann 16. júlí 2022. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili ekki gert það. Sóknaraðili krefst fullrar endurgreiðslu kaupverðs úr hendi varnaraðila auk málsskotsgjalds til kærunefndarinnar að fjárhæð 5.000 krónur.

### **IV**

#### **Niðurstaða**

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili festi kaup á „[...]“ í vefverslun varnaraðila þann 3. mars fyrir 82.800 krónur og samið var um að hin umsamda þjónusta yrði veitt 16. júlí 2022. Sóknaraðili afbókaði þjónustu varnaraðila með tölvupósti 1. maí 2022 og óskaði eftir endurgreiðslu. Að sögn sóknaraðila hefur varnaraðili hvorki svarað erindum hans né endurgreitt honum hið greidda gjald. Sóknaraðili krefst endurgreiðslu að fullu í samræmi við skilmála varnaraðila. Í skilmálum varnaraðila, sem lagðir voru fram undir meðferð málsins, er að finna ákvæði um skilafrest og endurgreiðslurétt. Þar segir meðal annars eftirfarandi: „*Vinsamlegast athugið að afbóka þarf með 4 vikna fyrirvara. Ef afbókun á sér stað innan 4 vikna fæst leigan ekki endurgreidd en helst sem inneign sem hægt er að nýta fyrir aðra dagsetningu. Staðfestingargjald fæst ekki endurgreitt en helst sem inneign*“.

Framangreint ákvæði í skilmálum varnaraðila er skýrt og aðeins er fyrirvari gerður um að staðfestingargjald fái ekki endurgreitt. Samkvæmt framlagðri kvittun vegna þjónustunnar valdi sóknaraðili að greiða varnaraðila að fullu fyrir þjónustuna þann 3. mars 2021 og greiddi þar af leiðandi ekki staðfestingargjald.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Sóknaraðili afpantaði þjónustuna þegar rúmlega tíu vikur voru þar til hún skyldi veitt. Átti sóknaraðili þar af leiðandi rétt á endurgreiðslu kaupverðs samkvæmt samningi aðila, en almennar reglur um afpöntun þjónustu myndu einnig leiða til sömu niðurstöðu í þessu tilviki, enda fór afpöntun fram með umtalsverðum fyrirvara. Verður því að fallast á kröfu sóknaraðila um fulla endurgreiðslu að fjárhæð 82.800 krónur.

## V

### Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, greiði sóknaraðila, X, 82.800 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

---

Víðir Smári Petersen  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson